

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/27/43

frá 29. nóvember 2002

um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir þvottaefni í uppþvottavélar og um breytingu á ákvörðun 1999/427/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 4632)

(2003/31/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfispætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk.
- 4) Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB frá 28. maí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir þvottaefni í uppþvottavélar ⁽²⁾, þannig að þær endurspeglí þróun á markaðnum. Jafnframt skal breyta gildistíma þeirrar ákvörðunar, sem framlengdur var með ákvörðun 2002/173/EB ⁽³⁾, og skilgreiningunni á vöruflokknum.

- 5) Samþykkja skal nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar, vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda skulu í fimm ár.
- 6) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar og viðmiðanirnar, sem voru settar með ákvörðun 1999/427/EB, séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, sem er ekki lengri en 18 mánuðir, til að fyrirtæki, sem fengið hafa eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sínar áður en þessari nýju ákvörðun verður beitt, hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins setti fram skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Þvottaefni fyrir uppþvottavélar, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verður að falla undir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ sem skilgreindur er í 2. gr. og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2003 frá 11. júlí 2003 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 23.10.2003, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 167, 2.7.1999, bls. 38.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 56, 27.2.2002, bls. 33.

2. gr.

Vöruflokkurinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ skal ná yfir allt þvottaefni, sem er eingöngu ætlað fyrir sjálfvirkar uppþvottavélar á heimilum, og allt þvottaefni sem er ætlað fyrir sjálfvirkar uppþvottavélar sem fagmenn nota og eru svipaðar heimilisvélunum að vélarstærð og notkun.

3. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „015“ notað fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“.

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 1999/427/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til 31. maí 2004.“

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2007.

Framleiðendur vara, sem falla undir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ og hafa fengið umhverfismerkið fyrir 1. janúar 2003, mega nota merkið áfram til 31. maí 2004.

Heimilt er að veita framleiðendum, sem hafa sótt um umhverfismerkið fyrir 1. janúar 2003 fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“, merkið samkvæmt skilmálum ákvörðunar 1999/427/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota merkið til 31. maí 2004.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðunum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að:

- draga úr vatnsmengun, bæði með því að minnka magn þess þvottaefnis sem er notað og með því að takmarka magn skaðlegra innihaldsefna,
- draga úr orkunotkun með því að stuðla að notkun þvottaefnis sem verkar við lágt hitastig,
- að halda úrgangi í lágmarki með því að minnka grunnumbúðir.

Auk þess efla viðmiðanirnar umhverfisvitund neytenda. Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að því að þvottaefni fyrir uppþvottavélar, sem hefur lítil umhverfisáhrif, verði merkt.

Kröfur varðandi mat og sannprófun

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Þegar þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, prófunarskýrslur eða önnur sönnunargögn til staðfestingar á því að varan uppfylli viðmiðanirnar ríkir sá skilningur að þessi plögg komi annaðhvort frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra o.s.frv. eftir því sem við á.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025 eða sambærilegum staðli.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist frekari gagna og framkvæmt óháða sannprófun.

Ef við á getur umsækjandinn síðar notað endurskoðaðar útgáfur gagnasafnsins fyrir innihaldsefni þvottaefna eftir því sem þær liggja fyrir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, ef viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (aths.: þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Viðmiðunareining og viðmiðunarskammtur

Viðmiðunareiningin, sem á að tengjast því magni sem fer inn og út, er það magn þvottaefnis sem þarf til að þvo miðlungi óhreinan borðbúnað fyrir 12 manns (samkvæmt skilgreiningu í DIN- og ISO-stöðlum). Skammturinn, sem framleiðandi ráðleggur neytendum að nota til að þvo miðlungi óhreinan borðbúnað fyrir 12 manns, telst viðmiðunarskammtur við eðlilegar aðstæður eins og mælt er fyrir um í IKW-þvottahæfnisprófuninni sem um getur í 6. viðmiðun.

VIDMIÐANIR

1. Tafla yfir umhverfisstig

Tekið er tillit til eftirfarandi fimm þátta í umhverfistöflunni og þeir eru lagðir saman og metnir í heild eins og fram kemur hér á eftir:

- heildarmagn iðefna,
- lágmarksþynning (eiturhrif) (CDV_{tox}),
- fosföt (gefin upp sem natríumþrifosfat — STPP),
- lífræn efni sem eru ólífbrjótanleg við loftháðar aðstæður (aNBD0),
- lífræn efni sem eru ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður (anNBDO).

Í eftirfarandi töflu eru þessir þættir teknir saman og þar kemur fram tilheyrandi stigagjöf, þröskuldsgildi og vogtölur þeirra. Í a- til f-liðum hér á eftir er lýsing á formúlunni sem notuð er við útreikning á stigum fyrir hvern þátt og þröskuldsgildi. Þættirnir eru reiknaðir út fyrir öll innihaldsefni með því að taka mið af skammti fyrir hvern þvott, vatnsinnihaldi og massahundraðstölu í samsetningunni og þeir lagðir saman fyrir samsetningu hverrar vöru.

Tafla yfir umhverfisstig						
Þáttur	Stig				Þröskulds- gildi	Vogtala
	4	3	4	1		
Heildarmagn íðefna	16,5	18	19,5	21	22,5	3
Lágmarksþynning (eiturhrif) (CDV _{tox})	60	120	180		200	8
Fosföt (sem STPP)	0	2,5	5	7,5	10	2
Lífræn efni sem eru ólífbrjótan- leg við loftháðar aðstæður	0	0,25	0,5	0,75	1	1
Lífræn efni sem eru ólífbrjótan- leg við loftfirrðar aðstæður	0	0,05	0,10	0,15	0,2	1,5
Lágmarksfjöldi stiga sem krafist er	30					

Aths.: Öll gildi eru gefin upp í grömmum á þvott, nema lágmarksþynning (eiturhrif) (CDV_{tox}) sem er gefin upp í lítrum á þvott.

Mat og sannprófun: Veita skal nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar, þ.m.t. nákvæm, efnafraðileg lýsing á innihaldsefnum (t.d. auðkenni samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu, CAS-númer, summa og byggingarformúlur, hreinleiki, gerð og hundradshluti óhreininda og aukefni; fyrir efnablöndur, t.d. yfirborðsvirk efni: DID-númer, samsetning og dreifing samsvarandi efna, myndbrigði og viðskiptaheiti); staðfesting á samsetningu yfirborðsvirkra efna með efnagreiningu og nákvæmar upplýsingar um magn vöru í tonnum sem er sett á markað (tilkynning miðist við 1. mars fyrir tölur næstliðins árs).

a) *Eiturhrif á vatnalífverur*

Lágmarksþynning (eiturhrif) (CDV_{tox}) er reiknuð fyrir hvert innihaldsefni (i) með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{CDV}_{\text{tox}} (\text{innihaldsefni } i) = \frac{\text{þyngd } (i) \times \text{LF } (i)}{\text{LTÁ } (i)} \cdot 1000$$

þar sem þyngdin (i) er þyngd innihaldsefnisins í ráðlögðum skammti, LF er álagsstuðullinn og LTÁ er styrkurinn þar sem innihaldsefnið veldur langvinnum eiturhrifum. CDV_{tox} er lagt saman fyrir hvert innihaldsefni (i) og gefur þá CDV_{tox} fyrir vöruna:

$$\text{CDV}_{\text{tox}} = \sum \text{CDV}_{\text{tox}} (\text{innihaldsefni } i)$$

CDV_{tox} skal vera ≤ 200 l/þvott.

$$\text{Stigagjöf } (\text{CDV}_{\text{tox}}) = (5 - (\text{CDV}_{\text{tox}}/60)) \times 8$$

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og upplýsingar um útreikninga á lágmarksþynningu (CDV_{tox}) og tilheyrandi stigagjöf. Fyrir öll efni, sem eru í gagnasafninu fyrir innihaldsefni þvottaefna (DID-skránni, sjá viðauka I.A), skal nota viðeigandi gildi, sem eru tilgreind í DID-skránni, og tilgreina samsvarandi númer innihaldsefnisins. Þegar um er að ræða ný íðefni eða viðbótarinnihaldsefni, sem eru ekki skráð í gagnasafni fyrir innihaldsefni þvottaefna, skal fylgja aðferðinni sem er lýst í B-hluta I. viðbætis.

b) *Heildarmagn íðefna*

Heildarmagn íðefna er ráðlagður skammtur að frádregnu vatnsinnihaldi, gefið upp í grömmum á hvern þvott.

Heildarmagn íðefna skal vera ≤ 22,5 g/þvott.

$$\text{Stigagjöf } (\text{heildarmagn íðefna}) = (15 - (\text{heildarmagn íðefna}/1,5)) \times 3$$

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og upplýsingar um útreikninga á heildarmagni íðefna og tilheyrandi stigagjöf.

c) *Fosföt (sem natriumþrífosfat — STPP)*

Fosföt eru öll fosföt í efnasamsetningunni, reiknuð sem natriumþrífosfat (STPP).

Fosföt skulu vera ≤ 10 g/þvott.

$$\text{Stigagjöf } (\text{fosföt}) = (4 - (\text{fosföt}/2,5)) \times 2$$

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og upplýsingar um útreikninga á magni fosfata og tilheyrandi stigagjöf.

d) *Lífraen efni sem eru ólífbrjótanleg við loftháðar aðstæður (aNBDO)*

Magn lífrænna efna, sem eru ólífbrjótanleg við loftháðar aðstæður, svarar til þyngdar, í grömmum á þvott, allra lífrænna innihaldsefna sem eru ólífbrjótanleg við loftháðar aðstæður (sjá DID-skrána).

Lífraen efni, sem eru ólífbrjótanleg við loftháðar aðstæður (aNBDO), skulu vera ≤ 1 g/þvott.

$$\text{Stigagjöf}_{(aNBDO)} = 4 - (aNBDO/0,25)$$

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærum aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og upplýsingar um útreikninga á aNBDO og tilheyrandi stigagjöf. Fyrir öll innihaldsefni, sem eru í DID-skránni (viðauki IA), skal nota viðeigandi gögn sem eru tilgreind í DID-skránni. Fyrir innihaldsefni, sem ekki eru tilgreind í DID-skránni, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnin séu lífbrjótanleg við loftháðar aðstæður. Prófanir á auðlífbrjótanleika skulu vera eins og um getur í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna⁽¹⁾ og síðari breytingar á henni, einkum aðferðirnar sem lýst er í lið C4 í V. viðauka eða sambærilegar OECD 301 A-F-prófunaraðferðir eða sambærilegar ISO-prófanir. Meginreglan um 10 daga frest gildir ekki. Viðmiðunarmörkin skulu vera 70% fyrir prófanirnar, sem um getur í A- og B-hluta liðar C4 í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE (og sambærilegar OECD 301 A- og E-prófanir og sambærilegar ISO-prófanir), og 60% fyrir prófanir C, D, E og F í lið C4 (og sambærilegar OECD 301 B-, C-, D- og F-prófanir og sambærilegar ISO-prófanir).

e) *Lífraen efni sem eru ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður (anNBDO)*

Magn lífrænna efna, sem eru ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður, svarar til þyngdar, í grömmum á þvott, allra lífrænna innihaldsefna sem eru ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður, að teknu tilliti til tilsvareandi leiðréttingarstuðuls (sjá DID-skrána).

Lífraen efni, sem eru lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður (anNBDO), skulu vera $\leq 0,2$ g/þvott.

$$\text{Stigagjöf}_{(anNBDO)} = 4 - (anNBDO/0,05) \times 1,5$$

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærum aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og upplýsingar um útreikninga á anNBDO og tilheyrandi stigagjöf. Fyrir öll innihaldsefni, sem eru í DID-skránni (I. viðauki A), skal nota viðeigandi gögn sem eru tilgreind í DID-skránni. Fyrir innihaldsefni, sem ekki eru tilgreind í DID-skránni, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnin séu lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður. Viðmiðunarmörkin fyrir lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður skal vera ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998) eða sambærileg prófunaraðferð þar sem krafist er endanlegs niðurbrots að lágmarki 60% við loftfirrðar aðstæður. Einnig má nota prófunaraðferðir, sem líkja eftir aðstæðum í samsvarandi, loftfirrðu umhverfi, til að staðfesta að náðst hafi endanlegt niðurbrot sem nemur 60%, við loftfirrðar aðstæður (sjá I. viðbæti C).

f) *Heildarstig*

Samanlögð stig úr stigagjöf fyrir (CDV_{tox}) + stigagjöf fyrir (heildarmagn iðefna) + stigagjöf fyrir (fosföt) + stigagjöf fyrir (aNBDO) + stigagjöf fyrir (anNBDO) skal vera ≥ 30 .

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærum aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og upplýsingar um útreikninga á heildarstiginum.

2. Lífbrjótanleiki yfirborðsvirkra efna

a) *Auðlífbrjótanleiki við loftháðar aðstæður*

Öll yfirborðsvirk efni, sem eru notuð í vöruna, skulu vera auðlífbrjótanleg.

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærum aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar. Í DID-skránni (sjá I. viðbæti A) er tilgreint hvort tiltekið, yfirborðsvirt efni sé lífbrjótanlegt við loftháðar aðstæður eða ekki (t.d. skal ekki nota þau efni sem merkt eru með „J“ í dálkinum sem gefur til kynna lífbrjótanleika við loftháðar aðstæður). Fyrir yfirborðsvirk efni, sem ekki eru tilgreind í DID-skránni, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnin séu lífbrjótanleg við loftháðar aðstæður. Prófanir á auðlífbrjótanleika skulu vera eins og um getur í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar, einkum aðferðirnar, sem lýst er í lið C4 í V. viðauka, eða sambærilegar OECD 301 A-F-prófunaraðferðir eða sambærilegar ISO-prófanir. Meginreglan um 10 daga frest gildir ekki. Viðmiðunarmörkin skulu vera 70% fyrir prófanirnar, sem um getur í A- og B-hluta liðar C4 í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE (og sambærilegar OECD 301 A- og E-prófanir og sambærilegar ISO-prófanir), og 60% fyrir prófanir C, D, E og F í lið C4 (og sambærilegar OECD 301 B-, C-, D- og F-prófanir og sambærilegar ISO-prófanir).

⁽¹⁾ Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.

b) *Lífbrjótanleiki við loftfirrðar aðstæður*

Öll yfirborðsvirk efni, sem eru notuð í vöruna, skulu vera lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.

Mat og sannprófun: Veita skal nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar. Í DID-skránni (sjá I. viðbæti A) er tilgreint hvort tiltekið, yfirborðsvirk efni sé lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður eða ekki (t.d. skal ekki nota þau efni sem merkt eru með „J“ í dálkinum sem gefur til kynna lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður). Fyrir yfirborðsvirk efni, sem ekki eru tilgreind í DID-skránni, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnið sé lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður. Viðmiðunarprófunin fyrir lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður skal vera ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998) eða sambærileg prófunaraðferð þar sem krafist er endanlegs niðurbrots að lágmarki 60% við loftfirrðar aðstæður. Einnig má nota prófunaraðferðir, sem líkja eftir aðstæðum í samsvarandi, loftfirrðu umhverfi, til að staðfesta að náðst hafi endanlegt niðurbrot sem nemur 60% við loftfirrðar aðstæður (sjá I. viðbæti C).

3. **Skaðleg, hættuleg eða eitruð efni eða efnablöndur**

a) Í vörunni má ekki vera neitt innihaldsefni sem hefur fengið eða kann að hafa fengið, á þeim tíma sem efnið er notað, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

H40	(getur hugsanlega valdið krabbameini),
H45	(getur valdið krabbameini),
H46	(getur valdið arfgengum skaða),
H49	(getur valdið krabbameini við innöndun),
H50–53	(mjög eitruð vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),
H51-53	(eitruð vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),
H60	(getur dregið úr frjósemi),
H61	(getur skaðað barn í móðurkviði),
H62	(getur hugsanlega dregið úr frjósemi),
H63	(getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),
H64	(getur skaðað brjóstmylkinga),
H68	(getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar eða í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjana um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽¹⁾ og síðari breytingum hennar.

Sérhvert innihaldsefni í efnablöndu, sem er notað í efnasamsetningunni og fer yfir 0,01%, miðað við þyngd fullunninnar vöru, skal uppfylla framangreinda kröfu.

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar ásamt afritum af öryggisleiðbeiningum fyrir hvert innihaldsefni og yfirlýsingu þess efnis að farið sé að þessari viðmiðun. Tilgreina skal niðurstöður prófana eða tilvísanir í birt gögn.

b) Ekki má nota nokkurt rotvarnarefni sem er eða kann að verða flokkað sem H50–53 eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE og síðari breytingum hennar eða tilskipun 1999/45/EB og síðari breytingum hennar án tillits til þess í hvaða magni þau eru.

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar ásamt afritum af öryggisleiðbeiningum fyrir innihaldsefni af þessu tagi (hvort sem um efni eða efnablöndur er að ræða) og yfirlýsingu þess efnis að farið sé að þessari viðmiðun. Tilgreina skal niðurstöður prófana eða tilvísanir í birt gögn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

c) *APEO, APD, EDTA, NTA*

Eftirfarandi innihaldsefni mega ekki vera í vörunni, hvorki sem hluti efnasamsetningar hennar né sem hluti nokkurrar efnablöndu í efnasamsetningunni:

- alkýlfenóletoxýlöt (APEO) eða aðrar alkýlfenólafleiður (ADP),
- EDTA (etýlendíamíntetraasetat),
- NTA (nítírlítríasetat).

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og yfirlýsingu þess efnis að ekkert þessara efnasambanda sé í vörunni.

d) *Fosfónöt*

Fosfónöt, sem eru ekki auðlifbrjótanleg (við loftháðar aðstæður), skulu ekki vera umfram 0,2 g/þvott.

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og yfirlýsingu þess efnis að farið sé að þessari viðmiðun.

4. **Ilmefni**a) *Nítrómoskusefni og fjölhringa moskusefni*

Nítrómoskusefni og fjölhringa moskusefni mega ekki vera í vörunni, hvorki sem hluti efnasamsetningar hennar né sem hluti nokkurrar efnablöndu í efnasamsetningunni. Þetta varðar m.a. eftirfarandi efni:

moskusxýlen:	5-tert-bútýl-2,4,6-trínítró-m-xýlen,
moskusambrett:	4-tert-bútýl-3-metoxý-2,6-dínítrótólúen,
mosken:	1,1,3,3,5-pentametyl-4,6-dínítróindan,
moskustibetín:	1-tert-bútýl-3,4,5-trímetyl-2,6-dínítróbensen,
moskusketon:	4'-tert-bútýl-2',6'-dímetýl-3',5'-dínítróasetafenon,
HHCB:	1,3,4,6,7,8-hexahýdró-4,6,6,7,8,8-hexametýlsýklópenta(g)-2-bensópýran,
AHTN:	6-asetýl-1,1,2,4,4,7-hexametýltetralín.

b) *Reglur um góðar starfsvenjur*

Öll innihaldsefni, sem bætt er við vöruna sem ilmefni, skulu hafa verið framleidd og/eða meðhöndluð samkvæmt reglum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna (International Fragrance Association) um góðar starfsvenjur.

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu vörunnar og yfirlýsingu þess efnis að farið sé bæði að a- og b-liðum þessarar viðmiðunar.

5. **Umbúðir**

a) Grunnumbúðirnar mega ekki fara yfir 2,5 grömm á viðmiðunareiningu.

b) Grunnumbúðir úr pappa skulu vera $\geq 80\%$ endurunnið efni.

c) Grunnumbúðir úr plasti skulu merktar samkvæmt ISO-staðli 1043.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðunum hjá þar til bærrí stofnun er metur umsóknina. Leggja skal fyrir þar til bærur aðila útreikninga á magni grunnubúða og yfirlýsingu varðandi hlutfall endurunns efnis í pappaumbúðum.

6. **Þvottahæfni**

Þvottahæfni vörunnar skal vera fullnægjandi þegar notaður er ráðlagður skammtur samkvæmt staðalprófuninni sem IKW hefur þróað eða EN 50242 (með þeim breytingum sem greinir hér á eftir).

Prófunin skal gerð við hita sem er ekki hærrí en 55 °C.

Mat og sannprófun: Prófunarskýrslan skal lögð fyrir þar til bærur aðila. Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir en IKW-prófunina eða hina breyttu útgáfu EN 50242 ef þar til bærur stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar hinum.

Ef staðallinn EN 50242: 1998 er notaður gilda eftirfarandi breytingar: prófanirnar skulu gerðar við 55 ± 2 °C og með köldum forþvotti án þvottaefnis. Vélín, sem er notuð í prófuninni, skal tengd köldu vatni og verður að taka borðbúnað fyrir 12 manns með þvottahæfnisstuðli sem er milli 3,35 og 3,75. Nota skal þurrkerfi vélarinnar en eingöngu á að meta hreinleika borðbúnaðarins. Nota skal skolefni, sem er lítið eitt súrt, í samræmi við staðalinn (formúla III). Stillingin fyrir skolefnið skal vera á milli 2 og 3. Nota skal þann skammt þvottaefnis í uppþvottavélina sem framleiðandinn ráðleggur. Gerðar skulu þrjár prófanir við þá vatnshörku sem er í samræmi við staðalinn. Hver prófun samanstendur af fimm þvottum og eru niðurstöður skráðar eftir fimmta þvottinn án þess að borðbúnaðurinn sé hreinsaður milli þvottanna. Árangurinn skal vera betri en eða jafngóður og þegar viðmiðunarþvottaefnið er notað eftir fimmta þvottinn. Efnasamsetning viðmiðunarþvottaefnisins (þvottaefnis B IEC 436) og skolefnisins (formúla III): sjá viðbæti B í staðlinum EN 50242: 1998 (tensíðin skulu geymd á köldum stað í vatnspéttum ílátum sem taka ekki meira en 1 kg og þau skulu notuð innan þriggja mánaða).

7. Hreinleiki ensíma

Engar örverur, sem eru notaðar til að framleiða ensímið, mega vera í endanlegu ensímblöndunni.

Mat og sannprófun: Leggja skal prófunarskýrslu eða vottorð frá ensímframleiðandanum fyrir þar til bærán aðila.

8. Neytendaupplýsingar

a) Upplýsingar á umbúðunum

Eftirfarandi texti (eða samsvarandi texti) skal koma fram á eða í umbúðunum:

„Þetta umhverfismerkt þvottaefni verkar vel við lágan hita (***) . Veljið þvottalotur fyrir lágan hita á uppþvottavélinni, þvoið fulla vél og notið ekki meira þvottaefni en ráðlagt er. Þetta dregur bæði úr orku- og vatnsnotkun sem og vatnsmengun.

Frekari upplýsingar um umhverfismerkið (blómið) má finna á:

<http://europa.eu.int/ecolabel>.

(***) Umsækjandinn skal setja hér tölur sem sýna ráðlagðan hita eða hitavið sem má ekki fara yfir 55 °C.“

b) Leiðbeiningar um skammta

Birta skal leiðbeiningar um skammta á vöruumbúðum. Tilgreina ber ráðlagða skammta fyrir „venjulegan“ og „mjög óhreinan“ uppþvott og fyrir það svið vatnshörku sem á við þar sem varan er markaðssett. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvernig best sé að nota vöruna eftir því hversu óhrein borðbúnaðurinn er.

Umsækjandinn skal auðvelda neytandanum að fylgja leiðbeiningum um skammtastærð, t.d. með því að láta skammtamál fylgja (þvottaefni sem er duft eða fljótandi) og/eða tilgreina a.m.k. ráðlagðan skammt í ml (fyrir þvottaefni sem er duft eða fljótandi). Á vöruumbúðunum skulu vera tilmæli til neytenda um að hafa samband við vatnsveitu sína eða staðaryfirvöld til þess að fá upplýsingar um hörku kranavatnsins.

c) Upplýsingar um innihaldsefni og merkingar þeirra

Beita skal ákvæðum tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 89/542/EBE frá 13. september 1989 um merkingu þvottaefna og hreinsiefna ⁽¹⁾ og eftirfarandi hópar innihaldsefna skulu merktir:

Ensím: tegund ensíma tilgreind

Rotvarnarefni: lýsing á einkennum og merking samkvæmt IUPAC-flokkunarkerfinu (IUPAC: Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði).

Innihaldi varan ilmefni skal það tilgreint á umbúðunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt yfirlýsingu þess efnis að farið sé að a-, b- og c-liðum þessarar viðmiðunar.

9. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

„— stuðlar að því að draga úr vatnsmengun,

— stuðlar að því að minnka notkun umbúða.“

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fyrir þar til bærán aðila, sem metur umsóknina, sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu þess efnis að farið sé að þessari viðmiðun.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 291, 10.10.1989, bls. 55.

I. viðbætur A

DID-SKRÁ

GAGNASAFN FYRIR INNIHALDSEFNI ÞVOTTAEFNA OG AÐFERÐ SEM ER NOTUÐ FYRIR INNIHALDSEFNI SEM ERU EKKI SKRÁÐ Í GAGNASAFNINU

A. Nota skal neðangreind gögn varðandi algengustu innihaldsefni þvottaefna til að reikna út vistfræðilegar viðmiðanir

Athn.: færíbreyturnar aNBO, SI, II, THOD, sem og álagsstuðlarnir (ÁS) fyrir anNBO, eru ekki notaðar innan þessa vöruflokks

Gagnasafn fyrir innihaldsefni þvottaefna (DID-skrá, útgáfa frá 29. september 1998)

DID-númer	Innihaldsefni	Eiturhrif		Álagsstuðull (ÁS)	Ólífrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður	Ólífrjótanlegt við loftháðar aðstæður	Leysanleg, lífræn efni (SI)	Óleysanleg, lífræn efni (II)	THOD
		NOEC mældur	LTÁ						
	<i>Neikvætt hlaðin, yfirborðsvirk efni</i>								
1	C 10-13 LAS (Na \leq 11,5-11,8, C14 < 1 %)	0,3	0,3	0,05	J, LS = 0,75	N	N	N	2,3
2	önnur LAS (C14 > 1 %)	0,12	0,12	0,05	J, LS = 1,5	N	N	N	2,3
3	C 14/17 alkýlsúlfonat	0,27	0,27	0,03	J, LS = 0,75	N	N	N	2,5
4	C 8/10 alkýlsúlfat	EC50 = 2,9	0,15	0,02	N	N	N	N	1,9
5	C 12-15 AS	0,1	0,1	0,02	N	N	N	N	2,2
6	C 12-18 AS	LC50 = 3	0,15	0,02	N	N	N	N	2,3
7	C 16-18 FAS	0,55	0,55	0,02	N	N	N	N	2,5
8	C 12-15 A 1-3 EO súlfat	0,15	0,15	0,03	N	N	N	N	2,1
9	C 16/18 A 3-4 EO súlfat	engin gild gögn	0,1	0,03	N	N	N	N	2,2
10	C 8 dialkýlsúlfósúksínat	LC50 = 7,5	0,4	0,5	J, LS = 1,5	N	N	N	2
11	C 12/14 súlfófitusýrumetýlestri	EC50 = 5	0,25	0,05	J, LS = 0,75	N	N	N	2,1
12	C 16/18 súlfófitusýrumetýlestri	0,15	0,15	0,05	J, LS = 0,75	N	N	N	2,3
13	C 14/16 alfaólefínsúlfonat	LC50 = 2,5	0,13	0,05	J, LS = 0,75	N	N	N	2,3
14	C 14/18 alfaólefínsúlfonat	LC50 = 1,4	0,07	0,05	J, LS = 2,0	N	N	N	2,4
15	Sápur C 12-22	EC0 = 1,6	1,6	0,05	N	N	N	N	2,9
	<i>Ójónuð, yfirborðsvirk efni</i>								
16	C 9/11 A > 3-6 EO línulegt eða eingreinótt	EC50 = 3,3	0,7	0,03	N	N	N	N	2,4
17	C 9/11 A > 6-9 EO línulegt eða eingreinótt	EC50 = 5,4	1,1	0,03	N	N	N	N	2,2
18	C 12/15 A 2-6 EO línulegt eða eingreinótt	0,18	0,18	0,03	N	N	N	N	2,5

DID-númer	Innihaldsefni	Eiturhrif		Álagsstuðull (ÁS)	Ólifbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður	Ólifbrjótanlegt við loftháðar aðstæður	Leysanleg, lifræn efni (SI)	Óleysanleg, lifræn efni (II)	THOD
		NOEC mældur	LTÁ						
19	C 12-15 (Meðalt. C < 14) A > 6-9 EO línulegt eða eingreinótt	0,24	0,24	0,03	N	N	N	N	2,3
20	C 12-15 (Meðalt. C > 14) A > 6-9 EO	0,17	0,17	0,03	N	N	N	N	2,3
21	C 12-15 A > 9-12 EO	LC50 = 0,8	0,3	0,03	N	N	N	N	2,2
22	C 12-15 A > 20-30 EO	EC50 = 13	0,65	0,05	N	N	N	N	2
23	C 12-15 A > 30 EO	LC50 = 130	6,5	0,75	N	J	N	N	0 (*)
24	C 12/18 A 0-3 EO	engin gögn	0,01	0,03	N	N	N	N	2,9
25	C 12-18 A 9 EO	0,2	0,2	0,03	N	N	N	N	2,4
26	C 16/18 A 2-6 EO	0,03	0,03	0,03	N	N	N	N	2,6
27	C 16/18 A > 9-12 EO	LC50 = 0,5	0,05	0,03	N	N	N	N	2,3
28	C 16/18 A 20-30 EO	EC50 = 18	0,36	0,05	N	N	N	N	2,1
29	C 16/18 A > 30 EO	LC50 = 50	2,5	0,75	N	J	N	N	0 (*)
30	C 12/14 Glúkósaamið	4,3	4,3	0,03	N	N	N	N	2,2
31	C 16/18 Glúkósaamið	0,116	0,116	0,03	N	N	N	N	2,5
32	C 12/14 Alkylfjölglúkósíð	1	1	0,03	N	N	N	N	2,3
	<i>Amfóterísk, yfirborðsvirk efni</i>								
33	C 12-15 Alkýldímetýlbetain	0,03	0,03	0,05	J, LS = 2,5	N	N	N	2,9
34	C 12-18 Alkylamiðprópýlbetain	0,03	0,03	0,05	J, LS = 2,5	N	N	N	2,8
	<i>Froðuhindrandi efni</i>								
35	Sílikon	EC50 = 241	4,82	0,4	J, LS = 0,75	J	N	N	0,0
36	Paraffín	engin gögn	100	0,4	N	J	N	N	0 (*)
	<i>Mýkingarefni</i>								
37	Glýseról	LC50 > 5-10 gl	1 000	0,13	N	N	N	N	1,2
	<i>Hjálparefni (builders)</i>								
38	Fosfat sem natríumþrifosfat (STPP)		1 000	0,6	N	N	J	N	0,0
39	Seólít A	120	120	0,05	N	N	N	J	0,0
40	Sítrat	EC50 = 85	85	0,07	N	N	N	N	0,6
41	Fjölkarboxýlöt og skyldar afleiður	124	124	0,4	J, LS = 0,1	J	N	N	0 (*)
42	Leir		1 000	0,05	N	N	N	J	0,0
43	Karbónat/bíkarbonat	LC50 = 250	250	0,8	N	N	J	N	0,0

DID-númer	Innihaldsefni	Eiturhrif		Álagsstuðull (ÁS)	Ólifbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður	Ólifbrjótanlegt við loftháðar aðstæður	Leysanleg, lifræn efni (SI)	Óleysanleg, lifræn efni (II)	THOD
		NOEC mældur	LTÁ						
44	Fitusýra (C ≥ 14)	EC0 = 1,6	1,6	0,05	N	N	N	N	2,9
45	Silíkat/dísilíkat	EC50 > 1000	1 000	0,8	N	N	J	N	0,0
46	NTA	19	19	0,13	N	N	N	N	0,6
47	Fjölasparssýra, natríumsalt	125	12,5	0,13	J, LS = 0,1	N	N	N	1,2
	<i>Bleikiefni</i>								
48	Mónóperbórat (sem bórat)	1-10	6	1	N	N	J	N	0,0
49	Tetraperbórat (sem bórat)	1-10	6	1	N	N	J	N	0,0
50	Perkarbónat (sjá karbónat)	LC50 = 250	250	0,8	N	N	J	N	0,0
51	TAED	EC0 = 500	EC0 = 500	0,13	N	N	N	N	2,0
	<i>Leysar</i>								
52	C 1 - C 4 alkóhól	LC50 = 8 000	100	0,13	N	N	N	N	2,3
53	Mónóetanólamín	0,78	0,78	0,13	N	N	N	N	2,4
54	Dietanólamín	0,78	0,78	0,13	N	N	N	N	2,3
55	Tríetanólamín	0,78	0,78	0,13	N	N	N	N	2
	<i>Ýmis efni</i>								
56	Pólvínýlpyrrólídon (PVP/PVNO/PVPVI)	EC50 > 100	100	0,75	J, LS = 0,1	J	N	N	0 (*)
57	Fosfónöt	7,4	7	0,4	J, LS = 0,5	J	N	N	0 (*)
58	EDTA	LOEC = 11	11	1	J, LS = 0,1	J	N	N	0 (*)
59	CMC	LC50 > 250	250	0,75	J, LS = 0,1	J	N	N	0 (*)
60	Natríumsúlfat	EC50 = 2 460	1 000	1	N	N	J	N	0,0
61	Magnesíumsúlfat	EC50 = 788	800	1	N	N	J	N	0,0
62	Natríumklóríð	EC50 = 650	650	1	N	N	J	N	0,0
63	Þvagefni	LC50 > 10 000	100	0,13	N	N	N	N	2,1
64	Malínsýra	LC50 = 106	2,1	0,13	N	N	N	N	0,8
65	Eplasýra	LC50 = 106	2,1	0,13	N	N	N	N	0,6
66	Kalsíumformíat		100	0,13	N	N	N	N	2,0
67	Kísill		100	0,05	N	N	N	J	0,0
68	Fjölliður með mikinn mólmassa, PEG > 4000		100	0,4	N	J	N	N	0 (*)
69	Fjölliður með lítinn mólmassa, PEG > 4000		100	0,13	N	N	N	N	1,1

DID-númer	Innihaldsefni	Eiturhrif		Álagsstuðull (ÁS)	Ólífbrjótanlegt við loftfirðar aðstæður	Ólífbrjótanlegt við loftháðar aðstæður	Leysanleg, lífræn efni (SI)	Óleysanleg, lífræn efni (II)	THOD
		NOEC mældur	LTÁ						
70	Kúmensúlfonat	LC50 = 66	6,6	0,13	J, LS = 0,25	N	N	N	1,7
71	Xýlensúlfonat	LC50 = 66	6,6	0,13	J, LS = 0,25	N	N	N	1,6
72	Töluensúlfönöt	LC50 = 66	6,6	0,13	J, LS = 0,25	N	N	N	1,4
73	Natríum-/magnesium-/kalíumhýdroxíð		100	1	N	N	J	N	0,0
74	Ensím	LC50 = 25	25	0,13	N	N	N	N	2,0
75	Efnasamsetning ilmefnis sem notað er	LC50 = 2-10	0,02	0,1	J, LS = 3,0	J	N	N	0 (*)
76	Leysilitir	LC50 = 10	0,1	0,4	J, LS = 3,0	J	N	N	0 (*)
77	Sterkja	engin gögn	250	0,1	N	N	N	N	0,97
78	Sinkþalósýanínsúlfonat	0,16	0,016	0,07 (**)	J, LS = 2,5	J	N	N	0 (*)
79	Neikvætt hlaðinn pólýestri (pólýestri með óhreininda-vörn)	EC50 = 310	310	0,4	J, LS = 0,1	J	N	N	0 (*)
80	Imínódísúksínat	23	2,3	0,13	J, LS = 2,5	N	N	N	1,1
	<i>Ljósverk bleikiefni = FWA</i>								
81	FWA (¹)	LC0 = 10	1,0	0,4	J, LS = 1,5	J	N	N	0 (*)
82	FWA (²)	3,13	3,13	0,4	J, LS = 0,5	J	N	N	0 (*)
	<i>Viðbótarinnihaldsefni</i>								
83	Alkylamínóxið (C12-18)	0,08	0,08	0,05	J, LS = 2,5	N	N	N	3,2
84	Glýseretkókóat (6-17EO)	EC50 = 32	1,6	0,05	N	N	N	N	2,1
85	Fosfatestrar (C12-18)	EC50 = 38	1,9	0,05	J, LS = 2,5	N	N	N	2,3

(¹) FWA 1 = dínatríum 4,4-bis (4-anilín-5-morfólínó-1,3,5-tríasín-2-ýl) aminóstílbén-2,2-disúlfonat

(²) FWA 5 = dínatríum 4,4-bis(2-súlfóstýrýl)bifenýl

(*) THOD fyrir efni, sem eru ólífbrjótanleg við loftháðar aðstæður, er núll

(**) hröð ljóssundrun

Aths:

J = já, viðmiðunin gildir

NOEC = styrkur sem hefur engin merkanleg áhrif

N = nei, viðmiðunin gildir ekki

LS = leiðréttingarstuðull fyrir efni sem eru ólífbrjótanleg við loftfirðar aðstæður

LTÁ = styrkur sem hefur í för með sér langtímaáhrif

THOD = fræðileg sýrnisþörf

I. viðbætur B

Nota skal eftirfarandi aðferð, þar sem við á, vegna innihaldsefna sem eru ekki skráð í gagnasafninu (DID-skránni)

Eiturhrif á lífríki í vatni

Taka ber mið af fullgiltum gögnum um minnstu langtímaáhrif (LTÁ) á fisk, halaflær (*Daphnia magna*) eða þörungum við útreikninga á viðmiðun fyrir lágmarksþynningu (eiturhrif).

Þegar gögn um samsvarandi efni og/eða QSAR (megindleg vensl efnabyggingar og virkni) eru notuð kemur til álitna að gögn, sem eru endanlega valin að því er varðar þann styrk sem hefur langtímaáhrif (LTÁ), verði leiðrétt.

Þegar gögn um langtímaáhrif (LTÁ) liggja ekki fyrir skal nota eftirfarandi aðferð til að áætla þau og nota til þess sérstaka óvissustuðla (UF) í tengslum við gögnin vegna viðkvæmstu tegundanna:

Efni sem eru ekki yfirborðsvirk

FYRIRLIGGJANDI GÖGN	ÓVISSUSTUÐULL
Minnst 2 bráð LC50 fyrir fisk, halaflær (<i>Daphnia</i>) eða þörungum	100
1 NOEC fyrir fisk, halaflær eða þörungum	10
2 NOEC fyrir fisk, halaflær eða þörungum	5
3 NOEC fyrir fisk, halaflær eða þörungum	1
	Nota ber lágsta, staðfesta NOEC

Heimilt er að víkja frá þessari reglu ef unnt er að sýna fram á að lægri stuðlar eða gögn með lægri gildum séu réttlætunleg á vísindalegum forsendum. NOEC er styrkur sem hefur engin merkjanleg áhrif (í prófun sem mælir langvinna eiturhrif).

Yfirborðsvirk efni

FYRIRLIGGJANDI GÖGN	ÓVISSUSTUÐULL
Minnst 2 NOEC fyrir fisk, halaflær eða þörungum	1 (lægsta NOEC)
1 NOEC fyrir fisk, halaflær eða þörungum	1 (NOEC – ef viðkomandi tegund er sú viðkvæmasta fyrir bráðum eiturhrifum) 10 (NOEC – ef viðkomandi tegund er ekki sú viðkvæmasta fyrir bráðum eiturhrifum)
3 LC50 fyrir fisk, halaflær eða þörungum	20 (lægsta LC50)
Minnst 1 LC50 fyrir fisk, halaflær eða þörungum	50 (lægsta LC50) eða 20 í sérstökum tilvikum (sbr. hér að aftan)

Í síðasta tilvikinu, sem um getur hér að framan, er einungis heimilt að nota óvissustuðulinn 20 í stað 50 ef 1–2 L(E)C₅₀-gögn (LC₅₀ ef um eiturhrif á fisk er að ræða, EC₅₀ ef um eiturhrif á halaflær eða þörungum er að ræða) liggja fyrir og ef unnt er að draga þá ályktun af upplýsingum um önnur efnasambönd að viðkvæmstu tegundirnar hafi verið prófaðar. Aðeins er unnt að beita þess konar reglu innan hóps samsvarandi efna. Leggja ber áherslu á að notuð gildi fyrir langtímaáhrif (LTÁ) verða að vera samkvæm innan hóps samsvarandi efna með tilliti til áhrifa af t.d. lengd alkýlkeðjunnar fyrir línuleg alkýlbensensúlfónöt (LAS) eða fjölda etoxýhópa fyrir alkóhóletoxýlat ef unnt er að ákvarða slík QSAR-tengsl.

Færa skal ítarleg rök fyrir öllum frávikum frá yfirlitinu, sem er lýst hér að framan, að því er varðar sérstök iðefni.


Álagsstuðlar

Ákvarða ber álagsstuðla samkvæmt ákvæðum tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/67/EBE frá 20. júlí 1993 um meginreglur við mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af efnum ⁽¹⁾, sem tilkynnt eru í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE, og samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 793/93 ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 227, 8.9.1993, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

Lifræn efni sem eru ólifbrjótanleg (við loftfirrðar aðstæður): flæðirit til að ákvarða leiðréttingarstuðla (LS) ⁽¹⁾



AL: auðlifbrjótanleg við loftháðar aðstæður
 LTÁ: langtímaáhrif
 LS: leiðréttingarstuðull

⁽¹⁾ Ákvarða skal leiðréttingarstuðla á grundvelli eiginleika innihaldsefnisins og beita þeim á skammta sem eru gefnir upp sem grómm á þvott.

I. viðbætur C

Staðfesting á lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður

Staðfesta má lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar innihaldsefni, sem eru ekki skráð í gagnasafninu (DID-skránni), á eftirfarandi hátt:

1. Beita eðlilegri útgiskun

Nota skal niðurstöður úr prófunum á tilteknu hráefni til þess að útgiska endanlegan lífbrjótanleika yfirborðsvirkra efna, sem eru svipuð hráefninu að byggingu, við loftfirrðar aðstæður. Ef staðfest hefur verið að yfirborðsvirkt efni (eða hópur samsvarandi efna) samkvæmt DID-skránni er lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður má ganga út frá því að yfirborðsvirkt efni af svipaðri gerð sé einnig lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður (t.d. er C12-C15 A 1-3 EO súlfat (DID-nr. 8) lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður og því má gera ráð fyrir svipuðum lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar C12-C15 A 6 EO súlfat). Ef staðfest hefur verið með viðeigandi prófunaraðferð að yfirborðsvirkt efni er lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður má ganga út frá því að yfirborðsvirkt efni af svipaðri gerð sé einnig lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður (t.d. ef heimildir staðfesta að nota megi yfirborðsvirka efni í flokknum alkýlestraammoníumsölt sem staðfestingu á svipuðum lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar önnur fjörgreind ammoníumsölt sem eru með estratengi í alkýlkeðjunni eða -keðjunum).

2. Framkvæma skimunarprófun fyrir lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður

Ef nauðsynlegt reynist að framkvæma nýjar prófanir skal nota aðferðir skv. ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998) eða jafngilda aðferð.

3. Framkvæma prófun á lífbrjótanleika með litlum skammti

Ef nauðsynlegt reynist að framkvæma nýjar prófanir, og ef upp kemur vandi í framkvæmd skimunarprófunarinnar (t.d. hömlun vegna eiturrhifa prófunarefnis), skal endurtaka prófunina með minni skammti yfirborðsvirka efnisins og fylgjast með niðurbrotinu með geislakolsmælingu (¹⁴C-mælingu) eða efnagreiningu. Ef prófanir eru gerðar með litlum skömmtum má nota OECD 308 (frá ágúst 2000) eða jafngilda aðferð.